

Uppbyggingin verður eins hröð og hægt verður

● Breytt deiliskipulag Austurhafnar var afgreitt út úr borgarráði í gær ● Skoðanir eru skiptar um vinnubrögð við stækkun og minnkun byggingareita ● Geirsgata á að verða breiðstræti í borg

SVIÐSLJÓÐ

Anna Lilja Þórisdóttir
annalilja@mbl.is




Geirsgata verður breiðstræti í borg sem veita mun miðborginni skjól og tengja betur saman hafnarvæðið og miðborg. Hraða á uppbyggingu við Austurhöfnina eins og kostur er og búast má við því að framkvæmdir geti hafist á svæðinu í vor. Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs um breytt skipulag svæðisins var samþykkt á fundi borgarráðs í gær. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í borgarráði gagnrýnir vinnubrögð í málinu og segir lagalega óvissu varðandi fyrirætlanirnar.

Heimildir til uppbyggingar á svæðinu eru um 65.000 fermetrar. Til að fá betri tilfinningu fyrir því má nefna að Smáralind er um 62.000 fermetrar og hús Háskólans í Reykjavík í Óskjuhlíð 35.000 fermetrar.


Breytingartillögurnar sem afgreiddar voru í borgarráði í gær fela í sér umtalsverðar breytingar á gildandi deiliskipulagi á byggingarreitunum. T.d. voru byggingar lækkaðar og Geirsgata verður færð sunnar. Dagur B. Eggertsson er formaður borgarráðs. „Málið var afgreitt í aug-

Breytingar á deiliskipulagi Geirsgötu

Fyrir:



Eftir:



Grunnmyndir: Batterilíð - arkitektar

lýsingu sem verður í birtingu í um sex vikur. Þetta er hið ágætasta mál, sýnist mér og ég held að þetta sé lausn sem margir ættu að geta sætt sig við.

Við munum sjá betri tengingu Hörpu við miðborgina með fallettri Geirsgötu og við vonumst líka til að þessar byggingar myndi skjól fyrir norðan-

áttinni. Þarna fáum við breiðstræti í borg, nýtt hótél, íbúðir beggja vegna Geirsgötunnar og atvinnuhúsnæði.“ Að sögn Dags hyggjast borgaryf-

irvöld beita sér fyrir því að uppbyggingin á svæðinu verði eins hröð og mögulegt verður. „Við teljum að uppbygging ætti að geta hafist á öllum

Munið að slökkva á kertunum



Veljið kertastjaka sem eru óbrennanlegir, stöðugir og leiða ekki hita



Ljósmynd/Börkur Kjartansson

Aflaskip Bjarni Ólafsson EA, Heimaey VE, Hákon EA og Ásgrímur Halldórsson SF-250 á síldarmiðunum vestur af landinu.

Aflaverðmæti hefur dregist saman í ár

● 5,7 milljörðum minna en í fyrra

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 117,3 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 123 milljarða á sama tímabili 2012. Aflaverðmæti hefur því dregist saman um tæplega 5,7 milljarða króna eða 4,6% á milli ára. Þetta kemur fram í frétt á vef Hagstofu Íslands.


Aflaverðmæti botnfisks var rúmlega 67 milljarðar króna og dróst saman um 6,2% miðað við sama tímabil í fyrra. Verðmæti þorskafla var um 33,6 milljarðar og dróst saman um 8,1% frá fyrra ári. Aflaverðmæti ýsu nam 8,4 milljörðum og dróst saman um 9,4% en verðmæti karfaflans nam rúmum 10,2 milljörðum, sem er 0,9% samdráttur frá fyrstu níu mánuðum ársins 2012. Verðmæti úthafskarfa nam 2,1 milljarði króna á fyrstu níu mánuðum ársins og jókst um 8% miðað við sama tímabil í fyrra. Verðmæti ufsaflans jókst um 6%

milli ára og nam rúmum 7,4 milljörðum króna í janúar til september 2013.

Aukning í uppsjávarafli

Verðmæti uppsjávarafli nam rúmum 38,2 milljörðum króna í janúar til september 2013, sem er um 0,4% aukning frá fyrra ári.

Aflaverðmæti loðnu nam 15,6 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 19,2% aukning miðað við sama tímabil í fyrra. Aflaverðmæti kolmunna jókst um 10,4% frá fyrra ári og var rúmlega 2,9 milljarðar króna í janúar til september 2013. Aflaverðmæti síldar dróst saman um 35,5% milli ára og var rúmlega 4,1 milljarðar króna í janúar til september 2013. Aflaverðmæti makrils var um 14,8 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 2,8% aukning miðað við sama tímabil í fyrra.



Byggingar Ásýndir nokkurra bygginga sem fyrirhugað er að reisa við Austurhöfn. Þær eru merktar þeim reitum þar sem þær munu standa, þarna eru m.a. hótél, skrifstofur og íbúðir. Meðal breytinganna sem felast í endurskoðun deiliskipulagsins er að byggingar voru lækkaðar, í flestum tilvikum um eina hæð.

Verlanir, íbúðir og hótél

» Á kortinu hér til hliðar sjást breytingar á núverandi og fyrirhuguðu deiliskipulagi.

» Sjá má að reitur 2 minnkar og reitur 6 stækkar. Á báðum reitum er fyrirhuguð verslunar- og þjónustustarfsemi.

» Á reit 1 er gert ráð fyrir íbúðum, verslunar- og þjónustustarfsemi og reitur 5 er ætlaður hótélbyggingu og íbúðum.


reitunum á næsta ári og við viljum ekki að þetta verði í uppbyggingu í tíu ár. Verða einhverjar tímakvaðir á framkvæmdunum? „Nei, ég held að

þess þurfi ekki. Mér virðist vera áhugi á að byggja þetta markvisst og hratt upp. Ég held að það sé hagur allra.“

Skortir skýringar á réttarstöðu

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði hafa gagnrýnt samskipti Reykjavíkurborgar við lóðarhafa og segja lagalega óvissu vera varðandi núverandi fyrirætlanir. „Ein lóðanna, sú sem er næst Lækjartorgi, mun minnka um 4.500 fermetra vegna þessara breytinga á gatnamótum og sú sem gegnt henni mun stækka,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson sem situr í borgarráði fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins.

Þessar umræddu lóðir eru merktar á meðfylgjandi korti, sú sem minnkar er nr 2 og sú sem stækkar er nr 6. „Lagalega óvissan felst í því að engir



Litið inn í framtíðina Svona verður umhorfs, horft eftir Geirsgötunni, verði þær tillögur sem afgreiddar voru út úr borgarráði í dag að veruleika.

samningar, hvorki samningsdrög né fundargerðir, hafa verið lagðir fyrir skipulagsráð eða borgarráð sem sýna hver réttarstaða borgarinnar getur orðið varðandi það að minnka lóðina,“ segir Júlíus. „Lóðin handan Geirsgötu er í eigu [byggingarfélagssins] Síтусar og mun stækka við þessar breytingar. Því hefur verið haldið fram að sala byggingarréttar á henni komi til með að skila meiri peningum til borgarinnar með samningum við Síтус en ráð var fyrir gert. Það hljóta að verða að vera einhverjir samningar um það á milli Reykjavíkurborgar og Síтусar, en þá hef ég ekki séð.“

Of margir óvissuþættir

„Það er óvenjulegt að kjörnir fulltrúar gangi erinda einstakra lóðarhafa,“ segir Dagur um þessa gagnrýni Júlíusar. Er verið að því? „Já, það get ég ekki betur séð. Við höfum átt góð samskipti og samráð við lóðarhafa og munum halda því áfram og finna út úr þeim málum sem leiða af breyttu skipulagi.“

Júlíus segir að þarna séu of margir óvissuþættir sem vel hefði verið hægt mátt komast hjá með betri undirbúningi og vinnubrögðum. „Ég er ekki að segja að það sé ekki hægt að ganga frá málinu, en áður en menn taka ákvarðanir um að ganga frá deiliskipulagi á að vera búid að ná samskiptum, allir samningar að vera á hreinu. Samningsstaða borgarinnar eftir að deiliskipulag hefur verið auglýst er ekkert sérstaklega sterk. Nái menn ekki viðunandi samningum er viðbúid að auglýsa þurfi skipulagið að nýju og þannig tefjum við hugsanlega fyrir framkvæmdaraðilum á svæðinu. En það er mikilvægt að það verði ekki gert.“

Dagur segir samningsstöðu borgarinnar ótvíræða í þessum efnum. „Núna auglýsum við þetta skipulag í góðu samstarfi og greiðum úr þeim flækjum sem hugsanlega kunna að skapast.“

Framundan er tími sem getur verið erfiður fyrir dýrin okkar!

Kíktu á heimasíðuna okkar www.dyrheimar.is og fáðu frekari upplýsingar um PET REMEDY sem er 100% náttúrlegt efni sem getur hjálpað þínu gæludýri um jólin og áramótin

